

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 12. júní 2020

Mál nr. E-4859/2019:

A

(Tinna Björk Gunnarsdóttir lögmaður)

gegn

B og

Vátryggingafélagi Íslands hf.

(Svanhvít Axelsdóttir lögmaður)

Mál þetta, sem var dómtekið 26. maí 2020, var höfðað 24. september 2019 af A, [...], gegn B, [...], og Vátryggingafélagi Íslands hf., [...].

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru að stefndu verði óskipt gert að greiða henni 9.497.800 krónur með 4,5% ársvöxtum frá 8. desember 2016 til 4. ágúst 2018, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 2.178.601 krónu sem voru greiddar 8. september 2017 og 2.275.823 krónum sem voru greiddar 3. september 2018. Þess er jafnframt krafist að stefndu verði óskipt gert að greiða stefnanda 4.150.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 8. desember 2015 til 30. júní 2017, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 300.000 kr. sem voru greiddar 8. september 2017 og 2.608.820 krónum sem voru greiddar 22. nóvember 2019. Þá er krafist málskostnaðar óskipt úr hendi stefndu eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndu krefjast sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

I

Helstu málsatvik

Mál þetta verður rakið til þess að 8. desember 2015 lenti stefnandi í umferðarslysi þegar hún ók bifreið sinni eftir [...] til austurs um kl. 12. Við [...] var bifreiðinni [...] ekið úr gagnstæðri átt á röngum vegarhelmingi og varð árekstur á milli bifreiðanna. Stefnandi slasaðist alvarlega og var hún flutt með sjúkrahúsbifreið á slysa- og bráðadeild Landspítalans í Fossvogi. Stefnandi var lögð inn með fjöláverka, þar með talið opið beinbrot á vinstri ökkla, loftbrjóst hægra megin og brot á hryggjarlið. Við frekari rannsóknir kom í ljós að stefnandi var einnig með brot í hægra hælbeini, brot á rifjum hægra megin og samfallsbrot á hryggjarliðum. Stefnandi gekkst undir ýmsar aðgerðir og var á sjúkrahúsinu til [...] 2016, en þá var hún útskrifuð til endurhæfingar á Grensásdeild. Hún

var á legudeild Grensáss til [...] febrúar sama ár og kom eftir það í þjálfun á dagdeild þrisvar í viku. Stefnandi útskrifaðist af dagdeild [...] apríl 2016, en fann þá enn fyrir einkennum á borð við holti. Henni var ráðlagt að halda áfram meðferð hjá sjúkraþjálfara og sálfræðingi auk þess sem hún var í eftirfylgd hjá bæklunarlæknum Landspítalans og hjá heimilislækni.

Bifreiðin [...] var í eigu stefnda B og ábyrgðartryggð hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. Stefnandi og hið stefnda tryggingafélag leituðu sameiginlega mats þeirra C læknis og D lögmans á afleiðingum slyssins fyrir heilsufar stefnanda. Samkvæmt matsgerð frá 26. apríl 2017 töldu matsmenn að varanlegar afleiðingar slyssins fælust í einkennum frá báðum ökklum, einkennum vegna rifbrota, maráverka á vinstri öxl, einkennum frá vinstra hné og auknum geðeinkennum. Matsmenn töldu að varanlegur miski stefnanda væri 15 stig og varanleg örorka 10%. Tímabil þjáninga væri frá [...] desember 2015 til [...] desember 2016, en þar af rúmlega frá slysdegi til [...] apríl 2016. Heilsufar var metið stöðugt [...] desember 2016.

Stefnandi krafðist 30. maí 2017 bóta frá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. á grundvelli matsgerðarinnar með fyrirvara um niðurstöðu örorkunefndar. Í útreikningi stefnanda á bótum fyrir varanlega örorku var miðað við meðaltekjur skrifstofufólks með vísan til 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þessu til stuðnings vísaði stefnandi til þess að hún hefði ekki verið á vinnumarkaði á viðmiðunarárrunum samkvæmt 1. mgr. 7. gr. og hefði verið að leita sér að starfi þegar slysið varð. Hefðu því óvenjulegar aðstæður verið fyrir hendi í skilningi 2. mgr. 7. gr. og bæri að miða við meðaltekjur þeirra sem stunduðu skrifstofustörf árið fyrir slysið, enda hefði stefnandi lengst af stundað slík störf og menntað sig til þeirra. Þá var meðal annars krafist 4.000.000 króna í miskabætur samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga og 150.000 króna vegna framtíðarsjúkrakostnaðar samkvæmt 1. gr. laganna. Samkvæmt tilboði stefnda 1. september 2007 var talið að miða bæri bætur vegna varanlegrar örorku við lágmarkslaunaviðmið 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Fallist var á að stefnandi ætti rétt til 350.000 króna í miskabætur samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga, en kröfu um bætur vegna framtíðarsjúkrakostnaðar var hafnað.

Stefnandi tók með fyrirvara við þeim bótum sem voru boðnar. Hún óskaði eftir áliti örorkunefndar í samræmi við 10. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og lá álitsgerð nefndarinnar fyrir 27. júní 2018. Nefndin mat varanlegan miska stefnanda 40 stig og varanlega örorku 20%. Tímabil þjáninga og stöðugleikapunktur voru ákveðin með sama hætti og í fyrri matsgerð. Hinn 4. júlí 2018 krafðist stefnandi frekari bóta og byggðist krafan á niðurstöðu örorkunefndar og sömu útreikningsforsendum og áður. Stefndi féllst á greiðslu frekari bóta miðað við niðurstöðu örorkunefndar, en taldi áfram að nota bæri tekjuviðmið 3. mgr. 7. gr. laganna og hafnaði greiðslu frekari miskabóta samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga. Stefnandi tók á ný við bótum með fyrirvara og áskilnaði um frekari kröfur.

Með dómi Héraðsdóms Reykjaness 4. júní 2019 var ökumaður bifreiðarinnar [...] sakfelldur fyrir brot gegn 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 14. gr. og 1. mgr., sbr. 2.

mgr., 44. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með því að hafa umrætt sinn ekið bifreiðinni án nægjanlegrar aðgæslu eða varúðar og án þess að vera fær um að stjórna henni örugglega vegna áhrifa slævandi lyfja yfir á rangan vegarhelming og framan á bifreið stefnanda [...] desember 2015 sem hlaut nánar tilgreinda áverka. Það liggur fyrir að ökumaðurinn hefur áfrýjað þessum dómi til Landsréttar.

Hinn 23. nóvember 2019 greiddi stefndi Vátryggingafélag Íslands hf. stefnanda 1.700.000 krónur í miskabætur samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga og umkrafinn framtíðarsjúkrakostnað sem nam 150.000 krónum. Jafnframt voru greiddir vextir og dráttarvextir, sem og innheimtubóknun lögfræðings. Samtals nam greiðslan 2.906.027 krónum.

II

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi tekur fram að ekki sé ágreiningur um skaðabótaábyrgð stefndu vegna slyssins, heldur aðeins um útreikning á bótum fyrir varanlega örorku og fjárhæð miskabóta. Hvað varðar bætur fyrir varanlega örorku vísar stefnandi til þess að meta skuli árslaun hennar sérstaklega í samræmi við 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, enda séu fyrir hendi óvenjulegar aðstæður og megi ætla að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur hennar. Á árunum fyrir slysið hafi aðstæður stefnanda verið sérstakar. Hún hafi ekki verið á vinnumarkaði og því ekki haft launatekjur. Hún hafi hins vegar fengið greiddan örorkulífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins og hafi hún upphaflega fengið metna örorku vegna baksjúkdóms árið 1989. Hún hafi komist aftur á vinnumarkað og meðal annars starfað á fasteignasölu við ýmis störf og hjá bílaleigu á árunum 2003 til 2008, en misst síðastgreint starf í bankahruninu. Hún hafi farið í síðustu bakaðgerðina á árinu 2000 og náð sér nokkuð vel af líkamlegum einkennum á þeim tíma, en hins vegar ekki farið strax aftur á vinnumarkað vegna ýmissa áfalla í fjölskyldunni. Í þeim efnum er vísað til þess að dóttir stefnanda hafi eignast tvö börn með stuttu millibili sem voru með alvarlega fæðingargalla og að sonur hennar hafi farið að misnota fíkniefni. Þá hafi eiginmaður stefnanda veikt og látist árið 2011 af völdum krabbameins. Stefnandi hafi lagt mikið í aðstoð við börn sín og eiginmann á þessu tímabili. Barnabörnin hafi náð góðri heilsu eftir umfangsmiklar meðferðir og jafnframt hafi sonurinn komist á réttan kjöl með dyggum stuðningi.

Þegar slysið varð hafi stefnandi verið betur stödd heilsufarslega og fjölskyldan einnig verið á góðu róli. Hún hafi verið byrjuð að sækja um störf af fullum krafti. Hún hafi einkum sótt um almenn skrifstofustörf og störf sem tengdust bókhaldi, enda hafi hún lengst af unnið við slík störf og menntað sig til þeirra eins og sjá megi af framlögðu prófskírteini og starfsumsóknunum. Þá hafi verið lagt til grundvallar í matsgerð að stefnandi hefði haft alla burði til að geta unnið við skrifstofustörf fyrir slysið. Vegna slyssins sé aftur á móti fyrirséð að hún komist ekki á vinnumarkað að nýju. Samkvæmt þessu séu uppi óvenjulegar aðstæður í skilningi 2. mgr. 7. gr.

skaðabótalaga og gefi þau tekjuár sem miða eigi við samkvæmt 1. mgr. greinarinnar engan veginn raunhæfa mynd af tekjuöflunarhæfni stefnanda fyrir slysið. Samkvæmt lögskýringargögnum beri ekki að túlka „óvenjulegar aðstæður“ þröngt og sé til dæmis nægilegt að atvik hafi leitt til þess að tekjur tjónþola yrðu ekki þær sem þær hefðu getað orðið. Verði ekki farið eftir 2. mgr. 7. gr. við ákvörðun bóta sé það í andstöðu við þann tilgang skaðabótalaga að tjónþoli fái fullar bætur.

Byggt er á því að jafna megi stöðu stefnanda síðustu þrjú árin fyrir slysið við stöðu atvinnulausra og er því til stuðnings vísað til athugasemda í greinargerð frumvarps þess sem varð að skaðabótalögum. Beri að leggja til grundvallar að stefnandi hefði síðar fengið vinnu og líta til venjulegra árslauna í starfsgrein hennar fyrir tjónið. Verði í öllu falli að meta líkurnar á því að hún hefði fengið vinnu ef hún hefði ekki slasast. Allar líkur hafi verið á því, enda hafði stefnandi náð sér vel líkamlega fyrir slysið og sótt endurmenntun til að auka líkur á að hún fengi vinnu. Þá hafi hún verið byrjuð að sækja um störf þegar slysið varð og verið tilbúin til að taka því starfi sem byðist. Fyrirliggjandi matsgerð og álitsgerð örorkunefndar styðji það að stefnandi hafi ekki verið varanlega slegin af vinnumarkaði fyrir slysið heldur átt kost á því að sinna léttari skrifstofustörfum. Stefnandi hafi vissulega verið metin með 75% örorku fyrir slysið og hafi hún fengið örorkulífeyri. Örorka sé metin samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar, en ákvæðið hafi upphaflega komið inn í lög um almannatryggingar með lögum nr. 62/1999. Við mat á örorku samkvæmt lögnum sé eingöngu tekið mið af læknisfræðilegum forsendum en ekki tekjum eða félagslegum aðstæðum. Af lögskýringargögnum verði ráðið að einn aðaltilgangur þessarar breytingar hafi verið að gera öryrkjum kleift að nýta starfskrafta til tekjuöflunar án þess að þeir misstu réttindi sín og örorkulífeyri að fullu. Geri almannatryggingalögin þannig beinlínis ráð fyrir því að öryrkjar geti haft atvinnutekjur og þýði örorka stefnanda alls ekki að hún hafi ekki haft neina starfsgetu fyrir slysið.

Byggt er á því að réttasti mælikvarðinn á líklegar framtíðartekjur stefnanda séu meðaltekjur þeirra sem stunduðu almenn skrifstofustörf árið fyrir slysið. Stefnandi hafi lagt stund á slík störf fyrir slysið, meðal annars í banka, sparisjóði, á fasteignasölu og á bílaleigu. Þá hafi hún sótt endurmenntun á sama sviði og hafði sótt um ýmis skrifstofustörf á þeim tíma sem hún slasaðist. Þetta sé nærtækasta og sanngjarnasta viðmiðið sem falli best að markmiðum og tilgangi skaðabótalaga, auk þess sem það sé í samræmi við dómaframkvæmd. Gerð er nánari grein fyrir útreikningi á kröfu stefnanda um bætur vegna varanlega örorku í stefnu.

Hvað varðar kröfu stefnanda um hækkun miskabóta er tekið fram að bótaskylda samkvæmt a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga sé óumdeild. Þær bætur sem hafi verið greiddar séu hins vegar of lágar þegar tekið sé mið af umfangi tjónsins og sök tjónvalds. Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslum og dómi Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. [...] hafi ökumaður bifreiðarinnar [...] verið undir áhrifum slævandi lyfja þegar slysið varð sem höfðu áhrif á hæfni hennar til að aka bifreið. Hafi hún þannig brotið gegn 44. gr. umferðarlaga og jafnframt ekið bifreiðinni yfir á rangan

vegarhelming, en með því hafi hún ekki sýnt nægilega aðgæslu og brotið gegn 1. og 2. mgr. 14. gr. umferðarlaga. Í skýrslutöku hjá lögreglu hafi ökumaðurinn ekki neitað því að hafa tekið inn lyf fyrir slysið en hins vegar ekki talið sig hafa ekið undir áhrifum. Blóðsýni hafi aftur á móti skýrlega sýnt að hún hefði verið undir töluverðum áhrifum og sé sök ökumannsins sem tjónvalds mikil. Hafi ökumanninum mátt vera ljóst að hún gæti valdið miklu líkamstjóni með því að aka undir áhrifum lyfja. Hvað varðar umfang tjóns stefnanda er tekið fram að hún hafi hlotið mikla og alvarlega áverka í slysinu, en hún hafi verið metin með 40 stiga miska og 20% örorku. Þurfi stefnandi að glíma við verki á hverjum degi og hafi tekjuöflunarhæfni hennar skerst verulega, en hún muni varla komast á vinnumarkað að nýju. Þá hamli afleiðingar slyssins stefnanda í öllu daglegu lífi og séu lífsgæði hennar verulega skert. Jafnframt hafi slysið valdið stefnanda annars konar tjóni, bæði óþægindum og kostnaði, sem hún fái aðeins bætt samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga. Í þeim efnum er meðal annars vísað til þess að stefnandi hafi þurft að henda eða gefa allt sitt skótau og kaupa sér nýtt í staðinn vegna afleiðinga slyssins. Þá hafi hún þurft að kaupa sér hærri bifreið sem hafi verið dýrari en fyrri bifreið hennar og séu allar líkur á því að hún þurfi að skipta um húsnæði vegna afleiðinga slyssins. Tekið er fram að fjárhagsstaða tjónvalds geti ekki haft áhrif á fjárhæð miskabóta, þrátt fyrir ummæli í lögskýringargögnum, enda hafi verið keypt sérstök trygging sem eigi að tryggja eiganda bifreiðarinnar fyrir greiðslu bóta á þessum grundvelli.

III

Helstu málsástæður og lagarök stefndu

Stefndu byggja kröfu sína um sýknu á því að með þegar greiddum skaðabótum hafi stefnandi fengið tjón sitt bætt að fullu og eigi hún ekki lögvarinn rétt til frekari greiðslna vegna slyssins. Með greiðslu 2.000.000 króna í miskabætur samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga hafi stefnandi fengið miska sinn að fullu bættan. Ekkert réttlæti hærri miskabætur, enda sé sú fjárhæð í takt við dómaframkvæmd Hæstaréttar, sbr. til dæmis dóm frá 2. júní 2019 í máli nr. 11/2019.

Hvað varðar útreikning bóta vegna varanlegrar örorku er vísað til þess að samkvæmt meginreglu 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga skuli miða við meðalatvinnutekjur tjónþola síðustu þrjú almanaksárin fyrir slys. Undantekningu frá þessari meginreglu sé að finna í 2. mgr. 7. gr. um að árslaun megi þó meta sérstaklega þegar óvenjulegar aðstæður séu fyrir hendi og ætla megi að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur tjónþola. Í 3. mgr. 7. gr. sé svo sett fram regla um lágmarksloaun sem miða skuli við. Stefnandi virðist telja sérstakar aðstæður í skilningi 2. mgr. 7. gr. vera fyrir hendi þar sem hún hafi ekki verið á vinnumarkaði viðmiðunarárin en hafi verið í atvinnuleit þegar slysið varð. Því er mótmælt að heimilt sé að beita sérreglu 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga og byggt á því að stefnandi hafi ekki sannað að bæði skilyrði greinarinnar séu uppfyllt.

Eins og fram komi í 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga eigi eingöngu að beita reglunni í sérstökum tilvikum. Eitthvað þurfi að hafa leitt til þess að tekjur síðustu þrjú árin fyrir slys hafi ekki verið þær sem tjónþoli hefði að jafnaði haft, eða getað haft á þeim tíma, ef slysið hefði ekki orðið. Það tiltekna atvik geri þá að verkum að aðstæður á viðmiðunarárunum séu óvenjulegar hvað varðar tekjuöflun og því rétt að miða við annan mælikvarða en tekjurnar þau árin. Sem dæmi megi nefna að tjónþoli sé atvinnulaus hluta tímans, dragi úr vinnu tímabundið eða skipti um starf. Eigi tekjuleysi öll viðmiðunarárin að geta talist óvenjulegt ástand þá verði það með sama hætti að hafa verið óvenjulegt miðað við tekjuöflun árin þar á undan sem sé þá hið venjulega ástand. Þannig þurfi eitthvað tímabundið að hafa orðið til þess að tjónþoli hafi ekki aflað tekna þau ár sem um ræðir, en það sé grundvallaratriði að einhver atvinnuþátttaka hafi verið, með tilheyrandi öflun tekna sem þá hafi breyst tímabundið.

Byggt er á því að aðstæður stefnanda séu ekki með þessum hætti. Ljóst sé af málsgögnum að stefnandi hafi að mjög takmörkuðu leyti verið á vinnumarkaði frá árinu 1989, en það ár hafi hún látið af störfum vegna baksjúkdóms. Það sama ár hafi hún verið metin til fullrar örorku hjá Tryggingastofnun ríkisins og verið það síðan. Þá sýni málsgögn að stefnandi hafi síðan þá eingöngu af og til verið í tímabundnum hlutastörfum og á viðmiðunarárunum, frá 2012 til 2014, ekki aflað neinna launatekna. Megi því ljóst vera að ekkert óvænt eða tímabundið hafi skert tekjuöflun stefnanda á viðmiðunarárunum eða valdið því að hún aflaði ekki tekna þann tíma. Þvert á móti megi segja að það ástand, þar sem stefnandi aflaði ekki tekna, hafi verið hið eðlilega og venjulega í hennar tilviki þegar litið sé til fyrirbyggjandi upplýsinga um atvinnuþátttöku og tekjuöflun hennar frá árinu 1989.

Því er jafnframt mótmælt að meðallaun skrifstofufólks geti verið mælikvarði á mögulegar framtíðartekjur stefnanda. Áréttað er að fyrirbyggjandi gögn sýni ekki tekjuöflun umfram lágmarkslaun 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga og að ekkert bendi til að breytingar hefðu orðið þar á í framtíðinni hefði slysið ekki orðið. Það sé ekki rétt að líta til þess hvaða starf stefnandi telji hafa hentað sér eða hvað hún hafi haft í hyggju við ákvörðun viðmiðunartekna á tjónsdegi. Þrátt fyrir starfsumsóknir liggi ekkert fyrir í málinu um að stefnanda hafi staðið til boða full vinna við skrifstofustörf fyrir slysið og skipti væntingar hennar hvað það varðar engu máli. Starfsumsóknir stefnanda séu ekki sönnun um að breytingar hafi verið líklegar eða að tekjuöflun til framtíðar hefði verið umfram lágmarkslaun. Séu skilyrði 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga því ekki uppfyllt. Staðreyndin sé sú að stefnandi hafði ekki verið á vinnumarkaði um árabíl fyrir slysið nema að mjög takmörkuðu leyti og hafi tekjuöflun hennar verið í samræmi við það. Það ástand hafi ekki verið tímabundið eða óvænt. Við uppgjör hafi verið miðað við lágmarkslaun samkvæmt 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga og hafi stefnandi fengið tjón sitt að fullu bætt.

IV

Niðurstaða

Stefnandi lenti í umferðarslysi 8. desember 2015 og er ekki deilt um bótaskyldu stefndu eða afleiðingar slyssins. Aðila greinir annars vegar á um hvort miða skuli bætur vegna varanlegrar örorku við lágmarkslaun samkvæmt 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga eða hvort uppfyllt séu skilyrði 2. mgr. greinarinnar til að ákveða árslaun sérstaklega. Þá er ágreiningur um fjárhæð miskabóta samkvæmt a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, en stefnanda hafa verið greiddar 2.000.0000 króna og telur hún sig eiga rétt til hærri bóta.

Það liggur fyrir að árslaun stefnanda síðustu þrjú almanaksárin fyrir slysið voru undir þeim lágmarkslaunum sem tilgreind eru í 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Til þess að ákveða megi árslaun sérstaklega samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga þarf stefnandi að sýna fram á að fyrir hendi séu óvenjulegar aðstæður sem valda því að lágmarkslaunaviðmið 3. mgr. sé ekki réttur mælikvarði á líklegar framtíðartekjur hennar. Við mat á því hvort beita skuli ákvæðinu má líta til athugasemda við 6. gr. frumvarps þess sem varð að lögum nr. 37/1999 sem breyttu 7. gr. skaðabótalaga. Þar er meðal annars tekið fram að launatekjur liðinna ára séu ekki góður mælikvarði hafi breytingar orðið á högum tjónþola skömmu áður en slys varð eða þegar fullyrða má að slíkar breytingar standi fyrir dyrum. Sem dæmi er nefnt að tjónþoli hafi skipt um starf þannig að breyting hafi orðið á tekjum eða hann látið af starfi og hafið töku lífeyris. Tekið er fram að í slíku tilviki sé eðlilegra að ákveða viðmiðunarlaunin miðað við nýjar aðstæður.

Stefnandi er fædd í nóvember 1961 og var því 54 ára þegar slysið varð. Hún var þá heimavinnandi, en hafði sótt um ýmis störf í að minnsta kosti eitt og hálf ár fyrir slysið án þess að það hefði borið árangur. Stefnandi vann við bankastörf fram til ársins 1989 þegar hún hætti störfum vegna baksjúkdóms. Hún var þá metin til 75% örorku hjá Tryggingastofnun ríkisins, en mun hafa farið í síðustu bakaðgerðina árið 2000. Hún vann í hálfu starfi á fasteignasölu á árunum 2003 til 2006. Þá vann hún við bókhald á bílaleigu á árinu 2008, en missti það starf þegar bankahrunið varð. Eftir þetta var hún frá vinnu og hefur hún lýst því að ástæðan hafi verið ýmis áföll sem dundu á henni og fjölskyldu hennar, þar með talið veikindi barnabarna og eiginmanns hennar sem lést á árinu 2011. Það liggur fyrir að stefnandi sótti starfsendurhæfingu á árunum 2010 til 2011 og starfaði við bókhald og innkaup hjá E á árinu 2012 á vegum starfsendurhæfingar. Ráðið verður af gögnum málsins að stefnandi hafi ekki haft launatekjur eftir þennan tíma, en hún sinnti tilteknum skrifstofustörfum launalaust fyrir F á árunum 2008 til 2013. Fyrir liggja gögn sem sýna að stefnandi sótti skrifstofu- og bókhaldsnám hjá Tölvu- og verkfræðiþjónustunni á árinu [...]. Þá lauk hún námskeiði í tölvubókhaldi hjá Nýja tölvu- og viðskiptaskólanum í [...] og sótti jafnframt sölu-, markaðs- og rekstrarnám hjá sama skóla frá [...] 2013 til [...] 2014.

Samkvæmt framangreindu var atvinnuþátttaka og tekjuöflun stefnanda takmörkuð allt frá árinu 1989 þegar hún var metin til 75% örorku. Frá þeim tíma og þar til slysið varð árið 2015 hafði

hún aðeins sinnt launuðum störfum í um sex ár, síðast á árinu 2012 þegar hún sinnti starfi á vegum starfsendurhæfingar. Á slysdegi hafði stefnandi, eins og áður greinir, verið í atvinnuleit í þó nokkurn tíma og hafði hún einnig rúmu ári áður sótt nám hjá Nýja tölvu- og viðskiptaskólanum. Að virtum atvikum og aðstæðum stefnanda verður að mati dómsins ekki séð að breytingar hafi orðið á högum stefnanda skömmu fyrir slysið eða að slá megi því föstu að slíkar breytingar hafi staðið fyrir dyrum. Jafnvel þó að stefnandi hafi haft hug á því að vinna við skrifstofustörf í framtíðinni er með öllu óvíst að hvaða marki aðstæður hennar hefðu breyst hvað varðar atvinnuþátttöku og tekjuöflun hefði slysið ekki orðið, sbr. að nokkru til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 2. desember 2004 í máli nr. 265/2004. Þá er ekki unnt að líta svo á að um tímabundið atvinnuleysi hafi verið að ræða eða að jafna megi stöðu stefnanda til aðila sem misst hefur starf sitt, enda var hún mjög takmarkað á vinnumarkaði á viðmiðunarárunum og um árabíl þar á undan. Að sama skapi verður ekki séð að tímabundin veikindi eða aðrar óvenjulegar aðstæður hafi leitt til þess að stefnandi aflaði minni tekna á viðmiðunarárunum en venjulegt hafi verið. Að mati dómsins er þannig ekki til að dreifa atvikum sem höfðu þau áhrif að tekjur stefnanda á viðmiðunarárunum voru lægri en þær sem hún hefði að jafnaði haft eða getað haft ef atvikin hefðu ekki orðið. Verður því ekki séð að óvenjulegar aðstæður í skilningi 2. mgr. 7. gr. hafi verið til staðar þannig að annar mælikvarði en lágmarkslaun samkvæmt 3. mgr. greinarinnar sé réttari á líklegar framtíðartekjur hennar. Stefndi hefur þegar greitt stefnanda bætur vegna varanlegrar örorku þar sem tekið er mið af 3. mgr. 7. gr. og er ekki fallist á að stefnandi eigi rétt á frekari bótum vegna varanlegrar örorku.

Aðila greinir jafnframt á um fjárhæð miskabóta samkvæmt a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, eins og ákvæðinu var breytt með 13. gr. laga nr. 37/1999. Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að láta þann sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur líkamstjóni greiða miskabætur til þess sem misgert er við. Ekki er ágreiningur um bótaskyldu stefndu á þessum grunni og hefur hún nú þegar fengið greiddar 2.000.000 króna í miskabætur. Í skýringum með 14. gr. frumvarps þess sem varð að lögum nr. 37/1999, en greinin varð 13. gr. laganna, segir að fjárhæð miskabóta samkvæmt ákvæðinu sé matskennd og ráðist af sanngirni í hverju tilviki, en meðal annars skuli hafa í huga umfang tjóns, sök tjónvalds og fjárhagslega getu hans. Það er ljóst af gögnum málsins, þar með talið álitsgerð örorkunefndar, að stefnandi hlaut fjölpætta og alvarlega áverka í slysinu sem skerða getu hennar til að afla tekna í framtíðinni og lífsgæði. Þá eru aðilar sammála um að leggja beri til grundvallar að slysið hafi orðið með þeim hætti að annarri bifreið hafi verið ekið yfir á rangan vegarhelming og að aksturshæfni ökumannsins hafi verið skert vegna lyfjatöku. Að öllu virtu telur dómurinn að þær miskabætur sem þegar hafa verið greiddar stefnanda séu hæfilegar, en í þeim efnum er að nokkru höfð hliðsjón af dómi Hæstaréttar frá 2. júní 2019 í máli nr. 11/2019. Það er því ekki fallist á að stefnandi eigi rétt til frekari miskabóta úr hendi stefndu.

Að þessu virtu verða stefndu sýknaðir af kröfum stefnanda. Rétt þykir að málskostnaður á milli aðila falli niður. Stefnanda var veitt gjafsókn með bréfi dómsmálaráðuneytisins 27.

nóvember 2018 og er gjafsóknin takmörkuð við réttargjöld, lögmannsbókun og rekstur málsins fyrir héraðsdómi. Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar sem þykir með hliðsjón af tímaskýrslu, eðli og umfangi málsins hæfilega ákveðin 800.000 krónur.

Ásgerður Ragnarsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Stefndu, B og Vátryggingafélag Íslands hf., eru sýknir af kröfum stefnanda, A.

Málskostnaður á milli aðila fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talið þóknun lögmanns hennar, Tinnu Bjarkar Gunnarsdóttur, 800.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Ásgerður Ragnarsdóttir